

Svar

utanríkisráðherra við fyrirspurn frá Andrésí Inga Jónssyni um Alþjóðahafsbotnsstofnunina og námuvinnslu á hafsbotni.

1. *Hver er ástæða þess að fulltrúar Íslands hafa ekki sótt fundi Alþjóðahafsbotnsstofnunarinnar, líkt og fram kemur í svari ráðherra við fyrirspurn á 153. löggjafarþingi (1151. mál, þskj. 2169)? Kemur til álita að endurskoða þá afstöðu og taka þátt í starfi stofnunarinnar?*

Meginástæða þess að fulltrúar Íslands hafa ekki sótt fundi Alþjóðahafsbotnsstofnunarinnar er forgangsroðun verkefna. Um er að ræða langa fundi í Kingston á Jamaíka. Þátttaka í fundunum myndi því fela í sér töluverðan kostnað, bæði vegna ferðanna sjálfra og vinnu starfsfólks í tengslum við fundina.

Frá því að stofnunin var sett á laggirnar árið 1994 hefur lítill framgangur verið í verkefnum hennar. Þar af leiðandi var sú ákvörðun tekin á sínum tíma að fulltrúar Íslands myndu að jafnaði ekki sækja fundi hennar. Á síðustu tveimur árum hefur þetta hins vegar breyst og er hún orðin einn meginvettvangur hafréttartengdrar umræðu.

Hvort rétt sé að Ísland taki virkari þátt í starfsemi stofnunarinnar er í skoðun innan ráðuneytisins, en það þyrfti að skoða með hliðsjón af forgangsroðun skattfjár.

2. *Hver er afstaða íslenskra stjórnvalda til hugmynda um tímabundna stöðvun eða varanlegt bann við námuvinnslu á hafsbotni til að vernda vistkerfi og líffræðilega fjölbreytni djúpsjárvar?*

Þar sem Ísland hefur ekki verið virkur þátttakandi innan stofnunarinnar hafa fulltrúar ráðuneytisins hvorki talað með né gegn hugmyndum um tímabundna stöðvun eða varanlegt bann við námuvinnslu á hafsbotni.

Alls fór hálf vinnustund í að taka þetta svar saman.